



Bókasafn



Héraðsskjalasafn



Upplýsingamiðstöð

Ársskýrsla 2024

Gerð í jan/feb 2025

Hrönn Hafþórsdóttir
forstöðukona Bóka- og héraðsskjalasafns Fjallabyggðar

Efnisyfirlit

Bókasafn Fjallabyggðar	3
Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið	3
Starfsfólk Bókasafns Fjallabyggðar 2024	3
Húsnæðismál.....	4
Húsnæði Ólafsfirði og bókakostur.....	5
Flutningur bókasafnsins í Ólafsfirði	5
Rekstur safnsins og fjárveitingar.....	7
Gestir.....	7
Útlán og lánþegafjöldi	8
Símenntun og fundir	9
Helstu verkefni ársins 2024.....	9
Viðburðir og sýningar	11
Lokaorð.....	11
Héraðsskjalasafn	12
Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið	12
Húsnæðismál.....	12
Rekstur og fjárveitingar	13
Mannauður	13
Helstu verkefni	13
Lokaorð.....	14
Upplýsingamiðstöð ferðamála í Fjallabyggð	15
Rekstur og fjárveitingar	15
Ferðamenn	16

Bókasafn Fjallabyggðar

Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið

Bókasafn Fjallabyggðar er upplýsinga- og menningarstofnun sem starfar samkvæmt gildandi lögum um almenningsbókasöfn, yfirlýsingu Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (Unesco) um almenningsbókasöfn og menningarstefnu Fjallabyggðar. Markmið þess er að vera íbúum bæjarins miðstöð upplýsinga, menntunar, menningar og afþreyingar með því að bjóða upp á aðgengi og útlán á fjölbreyttu úrvali bóka og tímarita auk stafrænna upplýsinga. Aukin áhersla er lögð á barnastarf, þ.á.m. safnkynningar, þjónustu við leik- og grunnskóla, skipulagða menningarstarfsemi fyrir almenning og góða aðstöðu til náms.

Afgreiðslutími

- 1. september – 31. maí: Opið virka daga frá kl. 13.00 -17.00
- 1. júní – 31. ágúst: Opið virka daga frá kl. 09.00 – 12.00 og 13.00 - 17.00.

Starfsfólk Bókasafns Fjallabyggðar 2024

Á bóka- og héraðsskjalasafninu auk Upplýsingamiðstöðvar eru fjórir fastráðnir starfsmenn í rúmum þremur stöðugildum. Forstöðukona er í 50% starfi í bókasafni og 50% starfi við héraðsskjalasafn. Þjónustufulltrúi, Ólafsfirði er í 90% starfi við bókasafnið og 10% við Upplýsingamiðstöð ferðamanna. Þjónustufulltrúi, Siglufirði er í 50% starfi við bókasafnið, 15% við héraðsskjalasafnið og 10% við Upplýsingamiðstöð ferðamanna. Einnig sinnir hún þrifum. Skjalavörður er í 50% starfi.

Einn starfsmaður var ráðinn í sumarafleysingar á Upplýsingamiðstöð og leysti hann af á Siglufirði.

Starfsmenn árið 2024

Stöðugildi	Bókasafn	Héraðsskjalasafn	Upplýsingamiðstöð
Bylgja Hafþórsdóttir	50%	15%	10%
Gíslný Halldóra Jónsdóttir		50%	
Hrönn Hafþórsdóttir	50%	50%	
Vilhjálmur Hróarsson	90%		10%
Sumarafleysingar 1. júní- 31. ágúst Kolbrún Kara Eyjólfsdóttir			Tímavinna

Húsnæðismál

Bókasafnið í Ólafsfirði hefur verið til húsa að Ólafsvægi 4 (gamla stjórnsýsluhúsinu) síðan 2014. Neðri hæðin hefur verið nýtt fyrir bókasafnið og hluti efri hæðar og anddyri samnýtt með stjórnsýslunni. Ólafsvægur 4 seldist á árinu og þar af leiðandi komið að einum flutningum enn. Flutt var í hluta húss eldri borgara að Bylgjubýggð 2b, salnum var skipt í tvennt með rennihurð og fermetrafjöldinn sem bókasafnið fékk er um það bil 50 fermetrar.

Komum betur að því síðar.

Bókasafnið á Siglufirði er til húsa að Gránugötu 24 eins og verið hefur allt frá því árið 1964. Meirihluti hillubúnaðar og húsgagna bókasafnsins er jafngamall. Gegnum árin hafa verið keyptar notaðar Softline hillur, stæður sem standa á gólfi og gömlum stæðum fækkað. Hillubúnað og húsgögn er verið að endurnýja í rólegheitunum og á þessu ári var lokið við endurnýjun á barnadeildinni.

Húsnæði Ólafsfirði og bókakostur

Þar sem húsnæði bókasafnsins í Ólafsfirði minnkaði mikið við flutninginn í Bylgjubýggðina var ráðist í miklar afskriftir bókakosts. Samkvæmt skýrslu frá Landskerfi voru í janúar og febrúar afskrifuð úr bókasafnskerfinu 1804 gögn, fræðibækur, skáldsögur og barnabækur. Rétt er að taka fram að þessi tala er miklu hærri þar sem fleiri gögn voru afskrifuð þegar verið var að pakka bókakostinum og svo seinna þegar verið var að ganga frá bókum í hillur.

Bókakostur Bókasafnsins í Ólafsfirði samanstendur af skáldsögum (mest kiljur) og barnabókum. Örfáar fræðibækur eru í hillum, þar má helst nefna nýjustu ævisögur og bækur um náttúru og landið okkar. Nýjustu tímaritin eru einnig frammi, þrjónablöð og afþreyingartímarit.

Flutningur bókasafnsins í Ólafsfirði

Hér verður stuttlega sagt frá helstu breytingum vegna flutninganna. Eins og fram hefur komið minnkaði fermetrafjöldi húsakosts bókasafnsins all verulega við flutningana í Bylgjubýggðina. Gólfplötur fyrir hillubúnað er um það bil 50 fermetrar og veggjapláss er ekkert. Þannig var nauðsynlegt að kaupa nýjan hillubúnað, þ.e. hillustæður á hjólum sem eru eingöngu 155 sm á hæð hver stæða. Pláss var fyrir sex þannig stæður og segir það sig sjálft að ekki er mikið pláss fyrir bækur í stæðunum. Ákveðið var af bæjarstjóra/stjórn að kaupa sjálfsafgreiðsluvél og það sem henni fylgir.

Helstu kostnaðartölur við búnaðinn sem nauðsynlegt var að kaupa eru:

Hillustæður, sex talsins kr. 2.500.000

Bókakassar á barnadeild kr. 1.400.000

Aukahillur í stæðurnar kr. 160.000

Sjálfsafgreiðsluvél kr. 1.800.000

Tölva fyrir sjálfsafgreiðsluvél kr. 180.000

Allar tölur eru námundaðar.

Þetta eru um það bil sex milljónir og þá er frátalinn allur kostnaður við flutningana sjálfa, vinnu við breytingar á húsnæði og þar fram eftir götum. Undirritaðari er ekki kunnugt um endanlegan kostnað.

Ekki er jafnræði með gestum bókasafnsins þegar horft er á Siglufjörð annars og Ólafsfjörð hins vegar. Í Ólafsfirði er ekki aðstaða fyrir gesti til að setjast niður og engin tölva er til staðar fyrir lánþega. Ekki er hægt að taka á móti skólahópum eða leikskólabörnum. Einnig er ekkert leiksvæði fyrir börn og yfir höfuð er mjög þröngt á þingi.



Nýju stæðurnar



Rennihurð og eldri stæður

Eldri hillustæður sem voru á Ólafsveginum voru nýttar í barnadeild bókasafnsins á Siglufirði þar sem fyrir voru 60 ára gamlar tréhillur smíðaðar af Kristjáni Sigtryggssyni.

fyrir




eftir



Rekstur safnsins og fjárveitingar

Rekstrargjöld bókasafns árið 2024 með tilliti til tekna voru **38.224.905** en áætlun gerði ráð fyrir kr. **43.354.000**. Rekstrargjöld bókasafns 2023 með nýtingu tekna voru kr. **34.086.879** en áætlun ársins gerði ráð fyrir kr. **32.276.203**. Meginskýringin á framúrkeyrslu er liður **1511 áfallið orlof** sem var kr. 1.554.858 en ekki var gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun ársins. Eins og áður hefur verið reynt að halda niðri kostnaðarliðum eins og mögulegt er til að mögulegt sé að mæta óhjákvæmilegum framúrkeyrslum í sumum liðum, sem dæmi má nefna lið **2022 tímarit** fór lítilega fram úr áætlun. Þess má geta að rekstrargjöld eru umtalsvert hærri en venjulega út af flutningnum þar sem gert var ráð fyrir búnaðarkaupum sem nauðsynleg voru.

Gestir



Samkvæmt talningu voru lánþegakomur á árinu 2024 **5.437** (S 3.725/Ó 1.712). Inni í þessum tölum eru einnig aðrir gestir þ.e. skólahópar, leikskólahópar og aðrir gestir.

Fækkun gesta í Ólafsfirði má bæði rekja til lokunarinnar vegna flutninganna í Bylgjubýggðina en lokað var frá 19. febrúar til 15. maí. Kom það að mestu til vegna seinkunar á afgreiðslu nýs bókasafnsbúnaðar. Minna úrval bókakosts hefur einnig áhrif.

Einnig má telja víst að samdráttur í gestakomum sé líka að hluta til kominn vegna Storytel

sem er rafbókaveita þar sem gestir borga ákveðið gjald á mánuði og geta hlaðið niður rafbókum að vild. Gestir sem sóttu Upplýsingamiðstöðina eru **EKKI** inni í þessum tölum.

Útlán og lánþegafjöldi

Nýja bókasafnskerfið býður upp góða tölfræði og hér á eftir má sjá myndrænt helstu tölur um fjölda virkra lánþega og fjölda útlána á árinu. Virkir lánþegar voru, Siglufjörður 198 og Ólafsfjörður 81. Útlán alls á Siglufirði á árinu 2023 voru 3.225 og í Ólafsfirði 2.469 og má sjá að þeim hefur fækkað lítillega á Siglufirði á árinu 2024 eða í 2.902 en meira eða í 1.583 útlán í Ólafsfirði, má rekja hluta þess til þriggja mánaða lokunar vegna flutninganna.

Útlán eftir mánuðum 2024

2024 Bókasafn Fjallabyggðar Sigl.

manudur	Fjöldi útlána	Fjöldi endurnýjana	Útlán og endurnýjanir	Fjöldi skila
janúar	252	9	261	246
febrúar	259	12	271	221
mars	295	19	314	275
apríl	223	13	236	262
maí	177	6	183	224
júní	164	6	170	161
júlí	278	11	289	202
ágúst	222	7	229	268
september	164	19	183	174
október	236	20	256	214
nóvember	282	4	286	279
desember	216	8	224	243
	2,768	134	2,902	2,769

Útlán eftir mánuðum 2024

2024 Bókasafn Fjallabyggðar Ól.

manudur	Fjöldi útlána	Fjöldi endurnýjana	Útlán og endurnýjanir	Fjöldi skila
janúar	173	8	181	180
febrúar	114	5	119	94
mars	3	0	3	15
apríl	23	7	30	49
maí	76	4	80	74
júní	143	4	147	126
júlí	182	9	191	159
ágúst	156	3	159	167
september	152	8	160	155
október	140	5	145	158
nóvember	170	10	180	151
desember	179	9	188	176
	1,511	72	1,583	1,504

Útlán eftir safndeild 2024

2024 Bókasafn Fjallabyggðar Sigl.

Safndeild	Fjöldi útlána	Fjöldi endurnýjana	Útlán og endurnýjanir	Fjöldi skila	safn_kodi
Almennt	760	38	798	757	SIGAN
Barnadeild	724	47	771	720	SIGAN
Geymsla	33	0	33	28	SIGAN
Hljóðbækur	38	1	39	36	SIGAN
Kassar	6	0	6	5	SIGAN
Kiljur	102	8	110	103	SIGAN
Skáldsögur	1,059	39	1,098	1,076	SIGAN
Unglingadeild	46	1	47	42	SIGAN
safndeild ekki skráð	0	0	0	2	SIGAN
Grand Total	2,768	134	2,902	2,769	

2024 Bókasafn Fjallabyggðar Ól.

Safndeild	Fjöldi útlána	Fjöldi endurnýjana	Útlán og endurnýjanir	Fjöldi skila	safn_kodi
Almennt	409	23	432	415	OLAAN
Barnadeild	151	16	167	141	OLAAN
Geymsla	0	0	0	2	OLAAN
Handbækur	1	0	1	0	OLAAN
Kassar	0	0	0	4	OLAAN
Kiljur	581	20	601	576	OLAAN
Skáldsögur	360	13	373	357	OLAAN
Unglingadeild	9	0	9	9	OLAAN
Grand Total	1,511	72	1,583	1,504	

RÉTT ER AÐ TAKA FRAM AÐ ÚTLÁNATÖLUR Í ÓLAFSFIRÐI GEFA EKKI RÉTTA MYND ÞAR SEM NOKKUÐ ALGENGT ER AÐ ÚTLÁN OG SKIL Í SJÁLFSAFGREIÐSLUVÉLINNI MISFARAST

Símenntun og fundir

Með tilkomu „teams“ og „zoom“ funda höfðu starfsmenn greiðan aðgang að námsskeiðum og fundum. Landskerfi bókasafna innleiddi nýja bókasafnskerfið í byrjun júní 2022 og sóttu starfsmenn fjölmörg námskeið til að læra á nýja kerfið. Þetta kerfi er upphaflega gert fyrir háskólasöfn og verður að segjast eins og er að það hentar litlum almenningsbókasöfnum ekki sem skyldi. Það er þó stöðugt verið að vinna í að betrubæta kerfið og nokkur námsskeið voru haldin á árinu sem starfsmenn sóttu. Stefna bókasafnsins er að veita persónulega þjónustu og hefur sá möguleiki minnkað með nýja kerfinu.

Hinir ýmsu fundir voru haldnir í gegnum teams eða zoom og tók forstöðukona þátt þegar hægt var. Forstöðukona sótti fundi vegna félags héraðsskjalasafna, MHR (miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu), og einnig fjölmarga fundi sem meðstjórnandi í FSA sem er félag forstöðumanna almenningssafna. Stjórnarskipti urðu á árinu og undirrituð er ekki lengur í stjórn. Vinnufundir voru haldnir með Landskerfi, forstöðukona tók þátt í nýju þróunarumhverfi sem verið er að hanna varðandi reikninga og utanumhald í bókasafnskerfinu. Sameiginlegar ráðstefnur og fundir voru haldnir með Þjóðskjalasafni og félagi héraðsskjalavarða.

Helstu verkefni ársins 2024

Vegna fyrirhugaðrar flutninga bókasafnsins í Ólafsfirði var ákveðið að gera ekki starfsáætlun fyrir árið 2024 þar sem ekki var nákvæmlega vitað hvernig og í hvað tíminn færi. Í staðinn var haldin verkefnadagbók og hér á eftir er upptalning á því helsta sem gert var á árinu 2024.

1. Fyrri hluti ársins var notaður í að fara yfir allan bókakost bókasafns Ólafsfjarðar, grísað og afskrifað það sem engin not voru fyrir, úreltar fræðibækur, gamlar illa farnar bækur og tímarit.

2. Pökkun bókakosts í Ólafsfirði þurfti að vera lokið í mars þar sem þá var afhending Ólafsvegarins til nýrra eigenda. Var þetta mikil vinna þar sem þurfti að merkja allar bækur í kassa sem vitað var að kæmust ekki fyrir á nýja staðnum. Starfsmaður skjalasafns var fengin til að aðstoða við pökkun og skráningu.
3. Tæming Ólafsvegarins var mikið verk og samvinna starfsmanna sveitarfélagsins
4. Apríl og maí fór í að þrifa allan bókakost og hillur Siglufjarðarmegin en í Ólafsfirði var unnið í að setja saman nýju hillustæðurnar (starfsmaður í Ólafsfirði sá um það) og raða bókum í þær svo hægt væri að opna um miðjan maí.
5. Nýjar bókakrybbur voru pantaðar í lok apríl, fyrir barnabækur í Ólafsfirði, nokkra vikna bið var eftir þeim svo hægt væri að koma „barnadeildinni“ í gagnið en það hafðist yfir sumarið.
6. Sumarið fór að mestu í þrif og afleysingar Siglufjarðarmegin en á Ólafsfirði var haldið áfram með að skipuleggja raða og breyta á nýja staðnum. Miklu af bókunum sem ætlunin var að hafa á nýja staðnum þurfti svo að pakka og var sumarið notað í það.
7. Í september var hafist handa við breytingar á barnadeild bókasafnsins á Siglufirði. Starfsmenn tæmdu hillur. Iðnaðarmenn frá L7 voru fengnir til að taka niður gömlu veggföstu hillurnar og málarar komu og spörsluðu og máluðu veggina. Menn frá L7 komu svo aftur og settu saman hillustæðurnar sem áður voru í bókasafninu í Ólafsfirði. Starfsmenn bókasafnsins sáu svo um að raða öllu á sinn stað. Þetta tók um það bil hálfan mánuð en barnadeildin var lokið á meðan á breytingum stóð.
8. Þrif á hillum hófust aftur með vetrinum og var nóg að gera í jólabókaflóðinu að auki.

Viðburðir og sýningar

- Hannyrðakvöldin hafa ekki verið haldin þetta árið.
- Fastar sýningar eru í glerskápum allt árið. Þar má meðal annars sjá muni úr eigu gamla Sparisjóðsins, muni frá Karlakórnum Vísi, fágætar bækur úr Hraunasafni og hina ýmsu muni sem fundist hafa í kössum hér við tiltekt. Líka má nefna leikföng frá fimmta áratug síðustu aldar og margt fleira. Gömul skrá frá Óla Blöndal fannst við tiltekt og þar má sjá uppruna hluta þessarra muna.

Lokaorð

Þetta ár var strembið, flutningarnir úr Ólafsveginum í Bylgjubýggðina tóku mikinn tíma og mikla orku starfsmanna. Það er erfitt að framkvæma og fylgja eftir hlutum sem ekki er full sátt um, verkferlar voru óljósir og ekki var nægjanlega vel skipulagt ferlið í kringum flutningana. Unnið var þvert á mörg svið innan sveitarfélagsins og ein höndin vissi ekki endilega hvað hin gerði. Starfsánægjan hefur því verið lítil sem engin hjá starfsmönnum bókasafnins. Vonum að næsta ár verði betra.

Héraðsskjalasafn

Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið

Lögbundið hlutverk Héraðsskjalasafns Fjallabyggðar er að taka við skjölum afhendingarskyldra aðila, þ.e. sveitarfélagsins og stofnana þess, skrá skjölin og varðveita þau á viðurkenndan hátt. Héraðsskjalasafnið tekur einnig við einkaskjölum, t.d. bréfasöfnum, dagbókum og skjölum félaga og fyrirtækja. Héraðsskjalasafnið hefur verið starfrækt á Siglufirði síðan árið 1984 og frá árinu 2006 undir merkjum sameiginlegs sveitarfélags Fjallabyggðar. Ekki hefur verið tími né mannskapur til að sinna skjalasafninu sem skyldi í gegnum árin og enginn fastur starfsmaður eða skjalavörður var hluta af þeim tíma sem skjalasafnið hefur starfað. En eins og máltækið segir „kemst þó hægt fari“ og seinni ár hefur starfinu miðað ágætlega þó enn sé mikið verk óunnið. Á seinni hluta ársins 2017 var unnin opinber stefnumótun fyrir héraðsskjalasafnið og var hún samþykkt í bæjarráði snemma á árinu 2018. Þetta er stórt skref í þá átt að gera skjalasafnið virkt og uppfylla þau lög og reglugerðir sem gilda um héraðsskjalasöfn. Svo við vitnum í orð fyrrum bæjarstjóra okkar, Gunnars Birgissonar, „þá er með því að starfrækja héraðsskjalasafn, lagður traustur grundvöllur fyrir því að varðveita skjöl einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja í bænum á heimaslóðum. Það er mikilvægt því saga okkar er margbrotnari en svo að hún verði eingöngu skoðuð í opinberum skjölum“ (Ársrit héraðsskjalasafns Kópavogs, 2010, bls. 5).

Húsnæðismál

Héraðsskjalasafnið er staðsett á annarri hæð ráðhússins að Gránugötu 24 Siglufirði. Vinnuástaða skjalavarðar er á 1. hæð. Samtals hefur héraðsskjalasafnið yfir um það bil 70 fm² að ráða. Aðstaða og aðgengi fyrir gesti héraðsskjalasafnsins er samnýtt með bókasafninu og er ágætis aðstaða fyrir gesti þar sem þeir geta sest niður og grúskað. Afgreiðslutími er eftir samkomulagi við starfsmenn héraðsskjalasafns.

Rekstur og fjárveitingar

Áætluð rekstargjöld með tilliti til tekna árið 2024 voru **11.012.534** en rauntölur urðu kr. **10.937.382**. Áætluð rekstargjöld með tilliti til tekna árið 2023 voru kr. **10.345.653** en rauntölur urðu kr. **10.505.764**. Þetta stafar af aðeins hærri launakostnaði en áætlað var.

Mannauður

Bylgja Hafþórsdóttir í 15% starfi allt árið. Gíslný Halldóra Jónsdóttir í 50% starfi allt árið, forstöðukona, Hrönn Hafþórsdótti í 50% starfi allt árið. Stöðugildin eru 1.15 sem er óbreytt frá fyrra ári.

Símenntun

Héraðsskjalavörður sótti reglulega teams og zoom fundi hjá félagi héraðsskjalasafna. Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu (MHR) hélt reglulega fundi á árinu þar sem aðallega voru ræddar og skipulagðar þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að rafræn skjalavarsla geti komið að fullu til framkvæmda. Verður verkefninu haldið áfram á árinu 2025.

Helstu verkefni

Helstu verkefni starfsmanna héraðsskjalasafnsins á árinu voru skráning eldri skjala stjórnarsýslunnar sem voru í skjalageymslu 3. hæðar ráðhússins. Mikið af gögnum þaðan sem mikil vinna er að skrá. Afhendingar sem bárust á árinu voru fáar sem var ágætt þar sem eldri skjöl stjórnarsýslunnar voru þá í forgangi. Þegar þetta er skrifað er unnið að því að skrá það litla sem eftir er af eldri skjölum Siglufjarðarkaupstaðar og vonast er til að hægt verði að vinna eitthvað af skjölum Ólafsfjarðarkaupstaðar á árinu 2025. Afhendingar til héraðsskjalasafnsins á árinu 2024 voru 7 og voru þær frá einkaaðilum og svo Síldarminjasafni.

Þegar þetta er skrifað er enn unnið að því að skrá eldri skjöl stjórnarsýslunnar á Siglufirði en ekki er langt frá því að þau séu fullskráð. Stærsta verkefnið þetta árið eru skjöl stjórnarsýslunnar sem áður var minnst á og eru skjölin sem búið er að skrá síðustu tvö árin

orðin 15.223. má geta þess að árið 2022 voru þau 4.655 talsins. Skjöl stjórnsýslunnar í Ólafsfirði sem búið er að skrá eru 1.461 talsins.

Önnur verkefni má helst nefna að unnið er að því að umbreyta filemaker skjölum yfir í pdf svo hægt sé að gera þau aðgengileg á heimasíðu. Þetta er afar seinlegt og tekur langan tíma.

Héraðsskjalasafnið er alltaf að verða meira og meira sýnilegt og auðveldara er en áður að svara fyrirspurnum þar sem sífellt meira af gögnum er skráð. Formlegar fyrirspurnir á árinu 2024 voru 38.

- Tölvupóstur – 11
- Komur – 17
- Símtöl – 7
- Facebook – 3

Einnig var nokkuð um að fólk kæmi og bæði um að fá ákveðin skjöl til að nota við skrif eða rannsóknarvinnu. Er ánægjulegt hversu þessum heimsóknum hefur fjölgað. Eins og sjá má eru beinar komur algengastar og því afar handhægt að geta bara hlaupið upp og náð í það sem fólk er að biðja um því meirihluti þeirra sem kemur er fólk sem er hér í stuttri heimsókn og vill fá upplýsingar og skoða gögn meðan það stoppar í bænum.

Hluti einkaskjalasafna í eigu héraðsskjalasafnsins eru aðgengileg á vefnum einkaskjalasafn.is og stöðugt bætist við.

Lokaorð

Mikið hefur áunnist síðustu ár varðandi aðstöðu og búnað héraðsskjalasafnsins.

Stefnumótunin hefur skilað sínu og alltaf færumst við nær því að uppfylla þau lög og reglur sem gilda varðandi héraðsskjalasöfn. Ekki náðist að græja ljósmyndabúnaðinn þetta árið.

Mikið er framundan en ekki er talið tímabært að upplýsa um það að sinni.

Upplýsingamiðstöð ferðamála í Fjallabyggð

Allt árið 2024

Opnunartími

Upplýsingamiðstöð ferðamála er opin allt árið. Hún hefur verið staðsett hin síðustu ár í Bókasafni Fjallabyggðar bæði á Siglufirði og í Ólafsfirði. Opnunartími Upplýsingamiðstöðvar fylgir opnunartíma bókasafnanna eða frá kl. 13.00-17.00 virka daga. Aukin opnunartími er frá 1. júní til 15. ágúst, þegar flestir ferðamenn sækja Fjallabyggð heim og er opið frá kl. 09.00-12.00 og 13.00-17.00 virka daga á Siglufirði og frá kl. 10.00-14.00 laugardaga. Lokað er í Ólafsfirði á morgnana á meðan á sumarleyfi starfsmanns stendur. Ekki var opið um helgar í Ólafsfirði. Lokað er á stórhátíðardögum.

Rekstur og fjárveitingar

Áætluð rekstrargjöld Upplýsingamiðstöðvar voru á árinu 2024 kr. **9.383.000 og eru tæpar 5.000.000 af því áætlaðar í húsaleigu?** en rauntölur urðu kr. **3.150.250 þar sem húsaleigan var ekki reiknuð þegar til kom.** Áætluð rekstrargjöld Upplýsingamiðstöðvar voru á árinu 2023 kr. **7.229.821.** Raungjöld árið 2023 urðu kr. 8.745.145. Ekki var gert ráð fyrir áföllnu orlofi, lykill 1511 en það var kr. 957.442. Meginkostnaður við rekstur upplýsingamiðstöðvar felst enn sem áður í launum, launatengdum kostnaði og innri húsaleigu. Af þessu má sjá að fjármagn sem Upplýsingamiðstöð hefur yfir að ráða er ekki mikið. Þetta er mögulegt eingöngu vegna þess að öll aðstaða og búnaður er samnýttur með bókasafni. Þessu hefur verið mætt með því að gönguleiðakort sem Upplýsingamiðstöð kaupir eru seld og tekjurnar fær bókasafnið upp í kostnað vegna samnýtingarinnar.

Mannauður

Einn starfsmaður var ráðin í sumarafleysingar (júní, júlí og ágúst). Kolbrún Kara Eyjólfsdóttir (tímavinna) og var hún einnig starfsmaður bókasafns. Frá og með 1. nóvember 2017 eru tveir starfsmenn með fast 10% starfshlutfall hvor, Vilhjálmur Hróarsson á Ólafsfirði og Bylgja Hafþórsdóttir á Siglufirði. Ekki var þörf á að ráða starfsmann í afleysingar á Ólafsfirði þar sem mjög fáir ferðamenn sækja upplýsingamiðstöðina heim eftir flutninginn í

Bylgjubýggðina. Engar merkingar eru til staðar sem gefa til kynna hvar


Upplýsingamiðstöðin/Bókasafnið er til húsa. Beiðni um úrbætur þar um hefur ekki verið sinnt og er það miður.




Ferðamenn

Eins og áður er talið allt árið en breyting þetta árið er að **EKKI var talið í Ólafsfirði** (engin þörf). Hér á eftir má sjá fjölda ferðamanna miðað við fjölda bókasafngesta árið 2024.

Siglufjörður – ferðamenn

Komum ferðamanna hefur stöðugt verið að fækka eftir Covid. Á árinu voru komur á Upplýsingamiðstöðina, Siglufirði 1.639. Ekki var athugað með þjóðerni en ljóst að Bandaríkjamenn, Þjóðverjar og Frakkar eru stærsti hópurinn. Lítið var um ferðamenn frá Asíu og norrænum löndum.





Algengustu fyrirspurnir ferðamanna

Algengustu fyrirspurnirnar voru eins og áður um gönguleiðir og leiðsögn. Mikið var spurt um staðina sem tengjast sjónvarpsþáttunum *Ófærð* og líka um staðina í bókum Ragnars Jónassonar. Hvers konar útivist verður æ stærrí þáttur í fyrirspurnunum eins og hvar séu hestaleigur, hvalaskoðun, bátsferðir, skíði og þ.h. Aðrar fyrirspurnir helstar voru varðandi tjaldsvæðið, Síldarminjasafnið, þvott, netsamband, bílaverkstæði, veðrið og minjagripí. Eins og áður var leit þeirra að aðgangi að salerni alltof algeng, vantar sárlega almenningssalerni hér sem opin eru allt árið.

Lokaorð

Ársskýrslan þetta árið er stutt og laggóð. Flutningurinn af Ólafsveginum í Bylgjubýggðina hefur örugglega áhrif á fjölda þeirra ferðamanna sem sækja Upplýsingamiðstöðina í Ólafsfirði heim. Hún er staðsett við hliðina á hótelinu í Ólafsfirði og stutt frá orlofshúsunum við vatnið. Ef bætt yrði úr merkingum myndi það þýða bættu þjónustu við ferðamenn í Ólafsfirði. Upplýsingamiðstöðin þarf að vera öflug og geta sinnt ferðamönnum af metnaði. Fjallabyggð hefur upp á svo margt að bjóða og það er okkar hér í Fjallabyggð að skapa aðstæður og hafa þann aðbúnað sem þarf til að gera dvöl ferðamannsins sem ánægjulegasta.